



Sex mýtur um sjávarútveg

Dr. Ásgeir Jónsson

Dósent og deildarforseti hagfræðideildar
Háskóla Íslands




HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD



Af hverju eru sum lönd ríkari en önnur?

Landsframleiðsla á mann í 190 löndum, í USD





Önnu Karenínu lögmálið



- *Allar hamingjusamar fjölskyldur eru eins en hver óhamingjusöm fjölskylda er óhamingjusöm á sinn eigin hátt.*
- Hvert land er fátækt á sinn eigin hátt – vegna stofnanabresta.
- Öll framleiðin lönd eru eins og deila:
 - Virðingu fyrir eignarrétti
 - Markaðsfrelsi
 - Einstaklingsfrelsi
 - Samfélagslegsri sátt
 - Áherslu á menntun og rannsóknir



Þéttihringskenningin – the O-ring Theory



- Þegar geimferjan Challenger fór á árið 1986 var það vegna þess að einn þéttihringur brást.
- **Sumar þjóðir geta ekki myndað langar virðiskeðjur vegna þess að það vantar samfélagslega þéttihringi hér og hvar til þess að tengja keðjurnar saman.**



Þéttihringur sjávarútvegsins

- Þrír nýir þéttihringir fyrir sjávarútveginn.
 - Upptaka aflamarkskerfis árið 1984
 - Frjálsir fiskmarkaðir 1986
 - Frjálst framsal aflakvóta árið 1990
- Með þessum þremur þéttihringjum hefur heppnast að umbylta virðisköpun í íslenskum sjávarútvegi og skapa gríðarleg verðmæti.
- Sjávarútvegur er – aukinheldur – orðin stöðug atvinnugrein sem stuðlar að efnahagslegum stöðugleika – en ekki öfugt.
- Hins vegar lifir fortíðin enn í almennri umræðu.
- Hér verða teknar fyrir 6 mýtur um sjávarútveg sem virðast lifa sjálfstæðu lífi.





Sex mýtur






Mýta 1

- Ekki er annað hægt en að græða á sjávarútvegi
- Svar:
- Hagnaður er algerlega háður núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, frjálssu framsali aflaheimilda og frjálssri ráðstöfun aflans.



Enginn gróði fyrr en á 21stu öld






Mýta 2

- **Sjávarútvegur er lágtækni frumframleiðslugrein með sífellt minnkandi vægi í íslensku hagkerfi.**
- **Svar:**
- Sjávarútvegur er helsti brimbrjótur tækniframfara og nýsköpunar í íslensku hagkerfi.
- Greinin hefur verið uppspretta ýmissa tækninýjunga og margir hliðarsprotar vaxið frá henni.
- Eftir því sem hefðbundnum störfum í veiðum og vinnslu hefur fækkað hefur hliðarstörfum fjölgað.
- Mannaflapörf greinarinnar hefur verið að breytast og hún hefur í auknum mæli orðið vettvangur fyrir menntað fólk.



Sömu tonn en aukin verðmæti

Landaður botnfiskur og aflverðmæti í milljónum króna á föstu gengi





Mýta 3

- **Sjávarútvegur eru óstöðug grein sem skapar þjóðhagslega áhættu.**
- **Svar:**
- Ef litið er á sjávarútveg sem eina heild hefur heppnast að ná merkilegum stöðugleika þó gangurinn sé misjafn milli afurðaflokka og gengi einstakra fyrirtækja sé á ýmsa vegu.
- Staðreyndin er því sú að síðasta aldarfjórðung hefur sjávarútvegur verið aflvaki stöðugleika í íslensku hagkerfi.
- Greinin hefur veitt mikilvægan bakstuðning í síðustu tveim niðursveiflum þegar landsmenn hafa verið að prófa sig áfram með nýjar atvinnugreinar.
- Svo mun einnig í næstu niðursveiflu!



Mýta 4

- **Sjávarútvegur er háður íslensku krónunni og vælir út gengisfellingar**
- **Svar:**
- Gengi krónunnar hefur hreyfst óháð sjávarútvegi frá síðustu gengisfellingunni árið 1993.
- Sjávarútvegur vel í stakk búinn til þess að takast á við gengissveiflur vegna hlutaskiptakerfisins og öflugs alþjóðlegs markaðsstarfs.
- Útgerðin hagnast af lágu gengi en útgerðarmenn bíða ekki lengur eftir gengisfellingum til þess að laga reksturinn – þeir hagræða.
- Hagræðingin getur hins vegar verið sársaukafull!
- Krónan þarf á sjávarútvegnum að halda – en ekki öfugt!



Mýta 5

- **Samþjöppun í sjávarútvegi má alfarið rekja til kvótakerfisins og hefur komið landsbyggðinni á kaldan klaka.**
- **Svar:**
- Frjálst framsal aflaheimilda, frjálsir fiskmarkaðir og malbikaðir vegir hafa gert landið að einu markaðssvæði fyrir fisk!
- Betur rekin sjávarútvegsfyrirtæki hafa keypt út hin lakari og fiskvinnsla hefur þjappast saman í iðnaðarkjörnum.
- Það er áfall fyrir einstakar byggðir að missa frá sér aflaheimildir en samkeppnishæfur sjávarútvegur er þó forsenda fyrir samkeppnishæfum lífskjörum úti á landi.
- Einu hálaunastörfin á landsbyggðinni eru einmitt í sjávarútvegi!



Mýta 6


- Hægt er að fjármagna heilbrigðiskerfið og jafnvel menntakerfið með hærra auðlindagjaldi.
- **Svar:**
- Sjávarútvegur greiðir rúmar 20 milljarða til ríkisins á ári sem auðlindagjald, tekjuskatt og tryggingargjald.
- Mögulega væri hægt að auka gjaldtökuna um 5-10-15 milljónir?? (Hækkandi gengi er á góðri leið með að éta upp hagnað sjávarútvegsfyrirtækja.)
- Hvað sem fólki finnst um auðlindagjald er ljóst að það leysir ekki úr fjárvanda heilbrigðiskerfisins.
- Sá vandi verður ekki leystur nema með nýrri stefnumótun – en það er önnur saga.





Sjávarútvegur greiðir rúma 20 milljarða

Opinber gjöld sjávarútvegsins





Frá grátkór til greifa





Frá grátkór til greifa

- Sú var tíðin að talað var um „grátkór útgerðarmanna“ og hagstjórn á Íslandi snerist um reddingar og gengisfellingar til þess að „bjarga“ sjávarútvegnum.
- Nú snýst umræðan um „kvótagreifa“ og hvernig hægt sé að skattleggja greinina.
- Þetta er jákvæð breyting – allir Íslendingar ættu að geta glaðst yfir þeim frábæra árangri sem hefur náðst í sjávarútvegi.
- En þessi árangur er ekki sjálfsagður!
- Staðreyndin er sú að fyrir hverjar kosningar frá 1991 hefur skapast ótti um kerfinu verði umbylt og virðiskeðjum greinarinnar sundrað.
- ***Hin samfélagslega sátt er sá einn þéttihringur sem er enn veikur í hinni ógnarlöngu virðiskeðju úr hafinu sem við í daglegu tali köllum sjávarútveg Íslands.***
- ***Og hvað gerist þegar þéttihringir gefa eftir....?***